

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun hefur borist erindi þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi. Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins.

Höfundur: Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir/iris.h.bjarnadottir@skipulag.is

Sent inn þann: 07.04.2025, **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Hjólastígur um Ásbraut væri öruggari m.t.t. hjólaumferðar og útakstri af bílastæðum, ef hann væri alfarið norðan megin við götuna. Hægt væri að halda báðum hjólastefnum saman frá Gerðarsafni til að lágmarka fjölda þverana yfir veg og innkeyrslur.

Ég hjóla daglega niður Ásbraut, og forðast að hjóla sunnan megin út af útkeyrslum. Sem íbúi veit ég að hjól koma hratt niður götuna.

Höfundur: Jóhannes Kári Sólmundarson/johanneskarisolmundarson@gmail.com

Sent inn þann: 10.04.2025, **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Íbúi við Ásbraut

Það þarf að bæta öryggi gangandi og hjólandi um bílastæði við Ásbraut 2, 11-13 og 7-9.

Höfundur: Anna Margrét Sigurbergsdóttir/annamargretsig@gmail.com

Sent inn þann: 11.04.2025 , **Fyrir hönd:**

Íbúi við Ásbraut 11.

Bílastæðin fyrir norðan Ásbrautar 11-13 verða hættulegri með þessari breytingu.

Nú er stefnan að gera götuna betri fyrir gangandi og hjólandi sem er frábært en það eru hlutir sem þið verðið að bæta við þetta plan. T.d. setjið þið gangbraut yfir bílastæði norðan við Ásbraut en á sama tíma ætlið að auka umferðarflæði um bílastæðið.

Íbúar við Ásbraut 7-9 munu ekki nota innganginn sem er staðsettur austar. Hann er erfiðari í notkun og lengir leiðina þeirra.

Þetta bílastæði er tvískipt en þið viljið sameina tvö stæði og færa innganginn sem er norðan megin við stæðið og bæta aðgengi að stæðunum en á sama tíma setja gangbraut þvert yfir stæðið. Betra aðgengi að stæðinu eykur umferðarhraða um götuna og það veldur því að íbúar við Á 7-9 munu nota innganginn vestanmegin eins og íbúar við Á 11-13. Sérstaklega í ljósi þess að hinn inngangurinn er erfiðari í notkun og lengir leið íbúa 7-9.

Ég nota bílastæðið fyrir norðan Ásbraut 11 með tvö lítil börn og börnin í hverfinu nota brekkuna (stigann) ofan bílastæðisins til að renna sér niður á bílastæðið þegar það snjóar. Það er vitað að **bílastæði eru börnum hættulegust**. Eins og staðan er núna er inngangurinn norðanmegin sem veldur því að bílar beygi 90° og fara því mjög hægt þangað inn.

Aukin umferð um þetta stæði eykur slyshættu og umferðarhávaða. Ef þetta verður gert og það verður slys verður hægt að vísa í þessa umsögn. Þið vitið að þetta er hættulegra og ég benti ykkur á það fyrr í þessu ferli.


Götur eru lokaðar fyrir miðju eða enda til að minnka umferð um þær, þ.á.m. Háaleitisbraut og Skaftahlíð í Reykjavík og Hraunbraut við Ásbraut. Þá eru safngötur stofnaðar til að auka umferðaröryggi, Nýbýlavegur er dæmi um slíka götu.

Lokunin Hraunbraut – Ásbraut var reyndar svo illa framkvæmd að bílar keyra trekk í trekk yfir gangstéttina og yfir á Ásbraut, það er ekkert sem stoppar þá af. Til að bæta gráu ofan á svart er blindhorn fyrir gangandi (runni sem skyggir sýn) rétt áður en maður kemur að þeim kafla svo að gangandi (sérstaklega börn og sérstaklega þegar þau eru á hröðum farartækjum) sjá ekki ef bílar taka þessa ákvörðun fyrr en of seint. Ég var vitni af því að manneskja hreinlega sá ekki lokunina fyrir snjó og keyrði þarna í gegn.

Hver er hvati ykkar til að auka umferð um þetta stæði? Á fundi sem þið boðuðu íbúa Á7-9 og 11-13 sögðu þið mér að þið vilduð opna þetta stæði til að gleðja íbúa 7 og 9. Þar voru íbúar frá 7 og 9 sem mótmælu mér ekki, sennilega af því það þýðir að slyshættan eykst á stæðinu þeirra líka. Það tapa allir af barn slasast eða deyr af því það lenti fyrir bíl á bílastæði. Af hverju að gera þetta þegar það eykur slyshættu, dregur úr öryggi og fólk hefur lýst óánægju yfir?


Þar fyrir utan hefur Kópavogsbær látið stæðið norðan Ásbrautar 11 óafskipt frá upphafi. Við sjáum sjálf um að panta og greiða fyrir vetrarþjónustu, Kópavogsbær hefur aldrei gert það. Við málum stæðin sjálf, Kópavogsbær hefur aldrei gert það. Þessi stæði voru hugsuð fyrir okkur við byggingu blokkanna en Kópavogsbær breytti skipulagi og eignaði sér það án þess að taka við rekstrinum. Íbúar Ásbrautar 11-13 bjuggu þessi stæði til á sínum tíma (af því þau áttu að tilheyra þeim) og hafa alla tíð séð alfarið um rekstur þess. Það var athugað hvort Kópavogsbær tæki að sér rekstur og þjónustu eftir að hafa eignað sér stæðin en svo var ekki.

Í þessu skipulagi missir Á 11-13 sjö bílastæði til Á 7-9 (sjá mynd 1) og þrjú bílastæði við opnun á milli stæðanna. Þess ber að geta að Ásbraut 2 nýtir sér stæðin sem ætluð eru Á 11-13 í dag en stendur til að gefa Á 7-9 samkvæmt þessu plani.



Mynd 1: Bílastæðafjöldi Ásbrautar 11-13. Samkvæmt teikningu verða stæðin 21 talsins.


Í Á 11-13 eru 17 íbúðir en 21 stæði, það gera 1,2 stæði á hverja íbúð. Í Á 7-9 eru 22 íbúðir en 25 stæði (sjá mynd 2), það gera 1,1 stæði á hverja íbúð. Í Á 3-5 eru 20 íbúðir en 43 stæði (sjá mynd 3), það gera 2,2 stæði á hverja íbúð.



Mynd 2: Bílastæðafjöldi Ásbrautar 7-9. Samkvæmt teikningu verða 25 talsins (fyrir utan þau sem þau deila með Ásbraut 3-5 norðanmegin við húsið).

Þar sem greitt aðgengi er að bílastæðum ætluðum Á 3-5 og 7-9 frá báðum blokkum er hægt að gefa sér að þær deili báðum stæðum eða 68 stæðum, gera það 34 stæði á hvora blokkina fyrir sig eða 1,6 stæði á hverja íbúð. Ef við hættum við að gefa blokkum stæði sem tilheyra öðrum blokkum í dag fá Á 3-5 einungis stæðin vestanmegin við blokkina sem eru 32 talsins eða 1,6

stæði á íbúð. Á 7-9 fær að halda sínum stæðum norðanmegin við blokkina auk stæðanna sem eru vestanmegin en á því græða þau fjögur stæði og enda í 29 stæðum í heildina eða 1,3 á hverja íbúð. Á 2 og 11-13 fær að halda sínum verða þau 28 talsins eða 1,5 á hverja íbúð.



Mynd 3: Fjöldi stæða við Ásbraut 3-5. Samkvæmt teikningu verða stæðin eru 43 talsins.

Það er því ekki hægt að færa rök fyrir því að þetta verði að vera svona svo að stæðin skiptist jafnt á milli. Samanlagt fá Á 3-5 og 7-9 1,6 stæði á hverja íbúð fyrir að halda sínum gömlu stæðum.

Ég setti kortið í heild sinni í chat gbt og það það um að finna öryggisbresti og það nefndi þessa opnun sérstaklega. Ég veit að ég þarf ekki að fara langt til að fá sérfræðinga á þessu sviði til að standa við bakið á mér. Að gera þessi bílastæði að umferðargötu er öryggisatriði fyrir íbúa Ásbrautar.

Ein lausn væri að halda stæðunum lokuðum, önnur lausn væri að sleppa opnuninni vestanmegin við Á 11-13 og hafa eina opnum fyrir allt stæðið hjá stæðum merkt 9 og 10 á mynd 2. Þannig þurfa allir bílar að hægja á sér og það dregur úr umferð á sk. göngusvæði. Ég get líka fært rök fyrir því að opnunin vestanmegin við Á 11-13 sé hættuleg hjólandi fólki sem kemur á hraða niður götuna og sé jafnvél blindhorn fyrir bílstjóra komandi af stæðinu.

Þá langar mig að ítreka að það vantar rosalega upp á lýsingu í þessari götu, við getum flest nefnt dæmi um það þegar litlu mátti muna með svartklætt hjólréiðafólk sem kom hjólandi niður götuna þegar við vorum að aka af stað úr stæði.

Ég bið ykkur að gera þetta vel, þessi gata verður ekki löguð næstu tugi ára. Það sem þið ákveðið mun hafa áhrif á næstu kynslóðir.

Mál nr. 0930/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Þuríður María Guðmundsdóttir/thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is

Sent inn þann: 14.04.2025 , **Fyrir hönd:** Reykjavíkurborg

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 14. apríl 2025
USK24080042

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10.4.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Göngu- og hjólastígar um Ásbraut - Tillaga að nýju deiliskipulagi

Lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 7. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um tillögu, dags. 14. mars 2025, að nýju deiliskipulagi Ásbrautar á vinnslustigi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistlegri götumynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa
Þuríður María Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Reykjavík

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Höfundur: Hrönn Hafliðadóttir/hronnha@gardabaer.is

Sent inn þann: 08.05.2025 , **Fyrir hönd:** Garðabær

Mál nr. 0930/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir/helgarg@veitur.is

Sent inn þann: 09.05.2025 , **Fyrir hönd:** Veitur

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Umhverfissvið Kópavogsbæjar
Digranesi 1
200 Kópavogur


Reykjavík 9. maí 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna vinnslutillögu fyrir Ásbraut í Kópavogi. Mál 930/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Ásbraut í Kópavogi. Markmið skipulagsvinnunnar er að endurhanna göturými Ásbrautar með það að markmiði að bæta stígakerfi og tryggja örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með breytingunni er núverandi byggðarmynstur staðfest og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistvæna og örugga götumynd.

Veitur eru með hitaveitulagnir og rafmagnsstrengi á svæðinu sem þarf að taka tillit til á framkvæmdatíma en þar sem tillagan gerir eingöngu ráð fyrir lagningu nýrra stíga kemur breytingin til með að hafa takmörkuð áhrif á núverandi kerfi.

Veitur óska eftir að þar sem verið er að hækka yfirborð stíga verði tryggt að allir yfirborðslokar skili sér upp fyrir nýtt yfirborð og að það verði skoðað hvort það þurfi að lengja hlífðarrör til að verja lagnir fyrir raski. Á svæðinu er gamall hitaveitubrunnur sem Veitur vilja afleggja samhliða framkvæmdum. Jafnframt vilja Veitur skoða hvort tækifæri sé til að leggja bakrás í tengslum við framkvæmdina.



Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja bílskúra milli húsa nr. 9 og 3. Veitur vekja athygli á að í gegnum svæði liggur heimlögn fyrir Ásbraut 7 og 9. Samkvæmt skilmálum um heimlagnir er óheimilt að byggja yfir heimlagnir og hindra þannig aðgengi að þeim





vegna bilana eða endurnýjunar. Slíkar framkvæmdir má einungis gera í samráði við Veitur og með viðeigandi ráðstöfunum. Ef breytingar á deiliskipulagi húss eða lóðar leiða til breyttrar legu heimplagna, ber lóðarhafi allan kostnað sem hlýst af færslu eða breytingu heimplagna.

Veitur leggja áherslu á gott samráð og óska eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skv. deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að stæðum við Ásbraut 19-21 fækki um eitt (1) við minnkun lóðar um 54m2 og vísað í að það verði „áfram aðgengi að fjölda stæða í bílageymslu á aðlæгри lóð“. Það er auðvitað ekki það sama að hafa stæði inn á lóð húseignarinnar og að vísa í að hægt sé að nýta stæði á aðlæгри lóð sem allsendis óvíst er hvort eru laus þegar þörf er á og hvernig aðgengi að verður háttað í framtíðinni. Er gert ráð fyrir að Ásbraut 19-21 fái formlegt gagnjald fyrir stæðið sem tapast við ráðgerða skerðingu lóðarinnar t.d. með þinglýstum rétti að stæði í bílastæðahúsinu um ókomna tíð? Ég legg til að lóðamörk Ásbrautar 19-21 verði óbreytt en sparkvöllur verði færður líttillega til norðurs á dautt malbikað svæði þar sem aldrei er nýtt. Þar er nóg pláss til að bæta við göngustíg/hjólastíg við götuna en samt ekki að ganga á lóð skattgreiðenda.

Tillagan virðist gera ráð fyrir að engin breyting verði á opnu svæði norður af Ásbraut 19-21 en þess í stað verði farið í minnkun lóðar. Mér hefði fundist lang eðlilegast að halda lóðinni óbreyttri og taka það svæði sem vantar undir göngu- og hjólastíga af malbikuðuð svæði norðan við opið svæði / leiksvæði. Það er nóg pláss á opna svæðinu og t.d. lítið mál að færa sparkvöll til norðurs.

Tillagan virðist gera ráð fyrir að það sé hjólastígur sitt hvoru megin við akbrautina (annar til norðurs og hinn til suðurs) og þar með að bílar sem koma til/frá fjölbýlishúsunum þveri hjólastíg sem liggur til norðurs. Ég tel þetta vera mikla slysagildru enda eru hjól og sérstaklega hlaupahjól oft á mjög miklum hraða (hugsanlega umfram hámarkshraða) og því hættulegt að bílaumferð þveri aksturleið þeirra. Því hefði ég talið eðlilegra að inn- og útakstur frá fjölbýlishúsunum þveri hvorki hjóla- né göngustíga. Vel færi á því að hjólastígurinn (sem liggur bæði til norðurs og suðurs) liggi norðan við götuna sjálfa og svo norðan við hjólastíginn sé breið gangstétt.

Eins og minnst er á í punkti #3 er umferðarhraði sérstaklega hlaupahjóla og bíla á Ásbraut oft mjög mikill. Það þarf nauðsynlega að ná umferðarhraða niður enda lykilatriði að vernda umferð gangandi vegfarenda. Það er soldið eins og villta vestrið ríki hvað varðar hjól og hlaupahjól í samfélaginu en auðvitað eiga þau að fara að umferðarlögum og hraði þeirra á alls ekki að vera meiri en hámarkshraði bílaumferðar. Hraði t.d. bíla hefur aukist mikið eftir að lokað var fyrir tengingu við Hraunbraut enda keyra íbúar neðstu húsa við Ásbraut oft á miklum hraða ofar á Ásbraut en þar er einmitt m.a. mikil umferð barna á sparkvelli. Ég legg til hraðahindranir til að ná niður hraða bæði bíla, hlaupahjóla og hjóla með hagsmuni gangandi vegfarand að leiðarljósi.

Til viðbótar legg ég til að skipulagsyfirvöld hugi að öryggi gangandi vegfarenda við Salinn / Gerðarsafn en þar sér maður ítrekað bíla leggja við Salinn og bakka í veg fyrir hjóla sem koma á miklum hraða og bæði bílar og hjól ógna öryggi gangandi vegfarenda. Það er gott og blessað að styrkja umferð hjólandi en það má ekki vera á kostnað gangandi vegfarenda.

Höfundur: Pétur Björnsson/pbjornsson@hotmail.com

Sent inn þann: 13.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Ég er eigandi að íbúð á Ásbraut 15 sem er í langtímaleigu og er einnig í stjórn húsfélagsins að Ásbraut 15-17. Ég á því reglulega leið þarna um bæði akandi og sem gangandi vegfarandi. Ég vil benda á að þessi fyrirhugaði hjólastígur, Ásbrautin, er eina bílaakstursleið fyrir íbúa í alls 80 íbúðum í blokkunum við Ásbrautina. Þetta skipulag skapar því töluverða hættu fyrir hjólréiðamenn, sem reyndar aka oft á tíðum ansi hratt þarna í gegn og skapa þar með mikla hættu fyrir gangandi vegfarendur og börn sem eru að leik á leiksvæðinu. Ég hvet því til þess að þetta verði endurskoðað.

Höfundur: Ingunn Hildur Hauksdóttir/ingunnhildur@gmail.com

Sent inn þann: 14.05.2025, **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Athugasemdir frá Húsfélaginu Ásbraut 11-13

Höfundur: Ólafur Þór Þorsteinsson/olafur.thorsteinsson@mk.is

Sent inn þann: 14.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Umhverfissvið Kópavogsbæjar

Digranesvegi 1

Kópavogur 14. maí 2025

Efni: Mótmæli íbúa Ásbrautar 11-13 við nýju deiliskipulagi, vegna fyrirhugaðrar fækkunar bílastæða og breyttrar aksturleiðar.

Við íbúar Ásbrautar 11-13 mótmælum fyrirhuguðum beytingum á deiliskipulagi í götunni.

Í greinargerðinni fyrir deiliskipulagið segir að í dag höfum við til umráða 17 bílastæði en í raun 15 sem séu merkt. Þegar bílskúrar verða byggðir fækkar þeim um 2 og verða þá 13 í raun. Það þýðir að af 17 íbúðum hússins verða 8 íbúðir með örugg stæði hjá bílskúrum en 9 íbúðir munu þá deila 5 stæðum til afnota. Það er því villandi rökstuðningur með deiliskipulaginu að telja 2 bílastæði á hvern bílskúr eða alls 16 þegar einungis 8 íbúðir geta nýtt þau stæði. Viðmiðunarfjöldi bílastæða samkvæmt gildandi reglugerð fyrir húsið ætti að vera 24,7 almenn bílastæði.

Það rétta er að fram að þessu höfum við haft 15 stæði vestan megin við húsið og 12 stæði, norðan við húsið (Ásbraut 7A/ Bæjarland) sem hafa verið notuð af íbúum hússins Ásbrautar 11-13 frá því húsið var byggt árið 1966. Í fyrstu voru það malarstæði en árið 1988 létu íbúar hússins malbika bílastæðin og merkja. Þetta eru því samtals 27 bílastæði fyrir húsið sem er undir bílastæðahámarki aðalskipulags.

Bílastæðin á bæjarlandinu hafa frá upphafi einungis verið notuð af íbúum hússins Ásbraut 11-13 og töldu allir íbúar að bílastæðin tilheyrðu lóð hússins.

Þessu fyrirkomulagi var ekki mótmælt fyrr en árið 2020 þegar nágrannar fóru að leggja í stæðin.

Í kjölfarið létu íbúar Ásbrautar 11-13 setja upp skilti til að að merkja stæðin sem einkastæði. Þá barst skipulagsfulltrúa kvörtun frá nágranna og lét skipulagsfulltrúi í kjölfarið fjarlægja skilti sem sagði að stæðin væru einkastæði Ásbrautar 11-13.

Þessu var semsagt ekki mótmælt fyrr en eftir 54 ár og hefur því augljóslega skapast hefð sem ekki hefur verið mótmælt af bæjarfélaginu né öðrum íbúum í hvefinu fram að þessu. Enda hefur allur kostnaður við gerð og rekstur bílastæðanna verið greiddur af íbúum Ásbrautar 11-13 frá upphafi, svo sem snjómokstur og bæjarfélagið hefur aldrei kostað til viðhaldi af stæðunum.

Í hefðarlögum nr. 46/1905¹ segir, getur einstaklingur hefðað rétt yfir eignarhlut eða afnotum ef hann hefur notað þann rétt í 20 ár samfelldt, án þess að annar aðili hafi mótmælt og með góðri trú.

Hefðaréttur fólks, eða hefðarréttur yfir fasteign eða landi, snýst um að eignarréttur eða afnotaréttur getur stofnast með langvarandi notkun, jafnvel án formlegs samnings eða skráðs eignarréttar.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1905046.html>

Skilyrði fyrir hefðarétti á bílastæði, eru því óslitin notkun í að minnsta kosti 20 ár, sýnileg notkun sem er öllum kunn og hefur ekki verið dulin eða í leynum, engin mótmæli frá öðrum eigendum eða húsfélagi og góð trú um réttmæti notkunarinnar – t.d. notandinn taldi sig hafa rétt eða heimild.

Þetta eru allt saman þættir sem eiga við okkar tilfelli og þarfnast nánari skoðunar við gerð tillögunnar.

Íbúar hússins óska eftir því að staðfestur verði einkaréttur á bílastæðunum (12 stæði) og stæðin verði viðurkennd sem séreign hússins og þau verði tekin inn í lóð hússins og lóðaleigusamning. Með kvöð um aðgengi að rafveitustöð á lóðinni.

Íbúar mótmæla fækkun bílastæða í nýja deiliskipulaginu og vilja fá staðafestan einkarétt á þeim 12 stæðum á lóð Ásbrautar 7a og að nýtt deiliskipulag feli ekki í sér færri einkastæði fyrir húsið. Að öðrum kosti verður húsið fyrir talsverðum óþægindum og fjárhagstjóni ef stæðin verða skráð á aðrar lóðir. Nokkur bílastæðækla er í hverfinu og einungis eru 15 einkaastæði vestan megin við húsið. (Lóð hússins er minni en aðrar fjólbýlishúsaloðir á Ásbrautinni og því minna svigrúm fyrir húsið að bæta við bílastæðum.)

Mótmæli við nýrri aksturleið í breyttu deiliskipulagi

Samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir innkeyrslu að neðri stæðum fyrir Ásbraut 11-13 og að stæðum fyrir Ásbraut 7-9. Þarna mun því stór hluti íbúa þessara íbúða keyra í gegnum bílastæðið og yfir gangbrautina. Gegnumakstur innan bílastæða yfir gönguleið mun hafa áhrif á öryggi gangandi allan ársins hring. Með gegnumakstri er þegar bílar keyra í gegnum bílastæði frá einni innkeyrslu til annarrar í stað þess að nota Ásbrautina. Þegar gegnumakstur er leyfður eða mögulegur, eykst bílaumferð innan bílastæðis, sem eykur hættuna og minnkar öryggi við gangandi – sérstaklega börn, eldri borgara og fólk með sjón- eða hreyfihömlun.

Því er nauðsynlegt að hanna svæðið með þeim hætti að ekki sé gert ráð fyrir gegnumakstri til að tryggja öryggi fólks. Einnig þarf að sýna fram á með skýrum hætti hvernig tryggt verður að ökumenn sýni gangandi vegfarendum forgang.

Íbúar hússins óska eftir skriflegu svari og rökstuðningi við andmælum í bréfi þessu auk samráðsfundar.

Fyrir hönd Húsfélagsins Ásbrautar 11-13, Ólafur Þór Þorsteinsson, formaður

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Athugasemdir við deiluskipulag við Ásbraut.

Öryggi vegfaranda.

Tvöfaldur hjólreiðastígur fjær innkeyrslum við fjölbýlishús.

Við Ásbraut standa fimm fjölbýlishús, Ásbraut 1a og Ásbraut 2 og 2a.

Ekki veit ég um fjölda íbúa sem búa við Ásbrautina en gera má ráð fyrir því að hann sé allnokkur.

Gatan er eina akfæra inn- og útgönguleið íbúana.

Í vinnslutillögu um deiluskipulag götunnar er gert ráð fyrir að hjólandi umferð krossi inn- og útkeyrslur við öll þessi hús. Í dag eru hjólandi umferð vísað beggja megin götunar.

Þarna skapast oft mikil hætta, bæði fyrir hjólreiðafólk og ökumenn bifreiða. Reiðhjóla fólk virðir á engan hátt þann hámarkshraða sem er í götunni. Mikil mildi er á því að ekki hafa orðið þarna alvarleg slys.

Til að reyna að forðast slysin væri eðlilegra og eiginlega eina leiðin að hafa alla hjólandi umferð fjær inn- og útkeyrslum. Þeim megin yrði settur tvöfaldur hjólreiðastígur. Vonandi yrði þá minni umferð hjólreiðafólks um alla götuna eins og er í dag. Þarna yrði s.s. tvær hjólareinar samhliða.

Óskandi væri ef hjólandi umferð yfir Kópavogshálsinn væri beint annað.

Aðkoma hjólandi yfri Hábraut, Hamraborg og að menningarhúsum er engan veginn bjóðandi - þar mætti bæta mikið.

Á uppdrætti vinnslutillagna á deiluskipulagi er gert ráð fyrir lágum gróðri – líklegast trjárnum. Sá gróður má á engan hátt hefta útsýni og því vil ég einnig gera athugasemdir við hann.

Á sama uppdrætti kemur fram að Ásbraut 15-17 hafi 45 bílastæði. Ekki get ég talið fleiri en 37.

Að lokum vil ég koma fram ósk um að í þessum framkvæmdum sé gert ráð fyrir tengingu rafmagns vegna hleðslustöðva við bílastæði. Um þetta var rætt á kynningarfundi bæjarins þann 7.maí sl.

Kópavogi 14.maí 2025.

Guðrún Lilja Eysteinsdóttir

Ásbraut 15- 17

Gangandi, hjólandi og akandi íbúi.

Höfundur: Guðrún Lilja Eysteinsdóttir/Gley@simnet.is

Sent inn þann: 14.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Ég er að fara senda þennan texta á bæinn. Skipulagsgáttina. Ykkur er velkomið að nota hann. Breyta og bæta eftir þörfum. Þetta þarf að gerast í dag þann 14.maí.

Athugasemdir við deiluskipulag við Ásbraut.

Öryggi vegfaranda.
Tvöfaldur hjólreiðastígur fjær innkeyrslum við fjölbýlishús.

Við Ásbraut standa fimm fjölbýlishús, Ásbraut 1a og Ásbraut 2 og 2a. Ekki veit ég um fjölda íbúa sem búa við Ásbrautina en gera má ráð fyrir því að hann sé allnokkur.

Gatan er eina akfæra inn- og útgönguleið íbúana.

Í vinnslutillögu um deiluskipulag götunnar er gert ráð fyrir að hjólandi umferð krossi inn- og útkeyrslur við öll þessi hús. Í dag eru hjólandi umferð vísað beggja megin götunar. Þarna skapast oft mikil hætta, bæði fyrir hjólreiðafólk og ökumenn bifreiða. Reiðhjóla fólk virðir á engan hátt þann hámarkshraða sem er í götunni. Mikil mildi er á því að ekki hafa orðið þarna alvarleg slys.

Til að reyna að forðast slysin væri eðlilegra og eiginlega eina leiðin að hafa alla hjólandi umferð fjær inn- og útkeyrslum. Þeim megin yrði settur tvöfaldur hjólreiðastígur. Vonandi yrði þá minni umferð hjólreiðafólks um alla götuna eins og er í dag. Þarna yrði s.s. tvær hjólareinar samhliða.

Óskandi væri ef hjólandi umferð yfir Kópavogshálsinn væri beint annað. Aðkoma hjólandi yfri Hábraut, Hamraborg og að menningarhúsum er engan veginn bjóðandi - þar mætti bæta mikið.

Á uppdrætti vinnslutillagna á deiluskipulagi er gert ráð fyrir lágum gróðri – líklegast trjárnum. Sá gróður má á engan hátt hefta útsýni og því vil ég einnig gera athugasemdir við hann.

Á sama uppdrætti kemur fram að Ásbraut 15-17 hafi 45 bílastæði. Ekki get ég talið fleiri en 37.

Að lokum vil ég koma fram ósk um að í þessum framkvæmdum sé gert ráð fyrir tengingu rafmagns vegna hleðslustöðva við bílastæði. Um þetta var rætt á kynningarfundum bæjarins þann 7.maí sl.

Kópavogi 14.maí 2025.
Hjörtur Már Markússon
Ásbraut 15- 17
200 Kópavogi
Gangandi, hjólandi og akandi íbúi.

Höfundur: Hjörtur Már Markússon/Hjortur.mar@gmail.com

Sent inn þann: 14.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Athugasemdir við deiluskipulag við Ásbraut:

Öryggi vegfaranda.

Tvöfaldur hjólreiðastígur fjær innkeyrslum við fjölbýlishús.

Við Ásbraut standa fimm fjölbýlishús, Ásbraut 1a og Ásbraut 2 og 2a.

Ekki veit ég um fjölda íbúa sem búa við Ásbrautina en gera má ráð fyrir því að hann sé allnokkur.

Gatan er eina akfæra inn- og útgönguleið íbúana.

Í vinnslutillögu um deiluskipulag götunnar er gert ráð fyrir að hjólandi umferð krossi inn- og útkeyrslur við öll þessi hús. Í dag eru hjólandi umferð vísað beggja megin götunar.

Þarna skapast oft mikil hætta, bæði fyrir hjólreiðafólk og ökumenn bifreiða. Reiðhjóla fólk virðir á engan hátt þann hámarkshraða sem er í götunni. Mikil mildi er á því að ekki hafa orðið þarna alvarleg slys.

Til að reyna að forðast slysin væri eðlilegra og eiginlega eina leiðin að hafa alla hjólandi umferð fjær inn- og útkeyrslum. Þeim megin yrði settur tvöfaldur hjólreiðastígur. Vonandi yrði þá minni umferð hjólreiðafólks um alla götuna eins og er í dag. Þarna yrði s.s. tvær hjólareinar samhliða.

Óskandi væri ef hjólandi umferð yfir Kópavogshálsinn væri beint annað.

Aðkoma hjólandi yfri Hábraut, Hamraborg og að menningarhúsum er engan veginn bjóðandi - þar mætti bæta mikið.

Á uppdrætti vinnslutillagna á deiluskipulagi er gert ráð fyrir lágum gróðri – líklegast trjárnum. Sá gróður má á engan hátt hefta útsýni og því vil ég einnig gera athugasemdir við hann.

Á sama uppdrætti kemur fram að Ásbraut 15-17 hafi 45 bílastæði. Ekki get ég talið fleiri en 37.

Að lokum vil ég koma fram ósk um að í þessum framkvæmdum sé gert ráð fyrir tengingu rafmagns vegna hleðslustöðva við bílastæði. Um þetta var rætt á kynningarfundum bæjarins þann 7.maí sl.

Höfundur: Eva Margrét Kristófersdóttir/eva.margret.k@gmail.com

Sent inn þann: 14.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Höfundur: Cecilía Þórðardóttir/cecilia.thordardottir@vegagerdin.is

Sent inn þann: 14.05.2025, **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

Nýtt deiliskipulag – Tillaga á vinnslustigi

Umsögn Vegagerðarinnar

**Móttakandi:**

Sveitarfélag:	Kópavogsbær
Nafn:	Kristjana H. Kristjánsdóttir
Netfang:	Skipulag@kopavogur.is

Nýtt deiliskipulag, lýsing:**Breytt deiliskipulag, lýsing:**

Nafn skipulags:	Ásbraut
Hönnuður:	VSÓ Ráðgjöf
Dags. gagna:	14.03.2025
Málsnúmer á skipulagsgátt:	930/2024

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar: Kársnesbraut

Númer-kafl:	40-02 til 413-03
Vegflokkur:	Stofnvegur
Vegtegund:	A34
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	600-3000m

Nafn vegar: Nýbýlavegur

Númer-kafl:	413-03
Vegflokkur:	Stofnvegur
Vegtegund:	A34
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	600-3000m

Nafn vegar: Hafnarfjarðarvegur

Númer-kafl:	40-02
Vegflokkur:	Stofnvegur
Vegtegund:	A34
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	600-3000m

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000
SNI-2305-1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Nýtt deiliskipulag fyrir Ásbraut felur í sér endurhönnun á göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagið sem er utan áhrifasvæðis stofnvega í umsjá stofnunarinnar en bendir á að samráð þarf að eiga sér stað varðandi fyrirhugaða hjólabrú sem er sýnd utan núverandi deiliskipulagsumsóknar en kæmi til með að hafa áhrif á stofnvegi.

Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. **Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.** Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Síða 2/2

Vegagerðin

Mál nr. 0930/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Árni Davíðsson/arnid65@gmail.com

Sent inn þann: 14.05.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Landssamtök hjólréiðamanna

Kópavogsbær
Digranesvegi 1, 200 K.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/930>

Kópavogur, 14. maí 2025

Umsögn um: Tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar.

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) hafa skoðað „Vinnslutillaga í kynningu“ að nýju deiliskipulagi Ásbrautar á vinnslustigi.

Markmið með deiliskipulagsvinnunni er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistlegri götumynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum.

LHM er almennt hlynnt þeim hugmyndum sem sem koma fram í tillögunni. Með þeim skapast tækifæri til að auka öryggi hjólandi og gangandi umferðar og gera leið þeirra greiðari, skilvirkari og vistlegri.

Á þessu stigi í ferlinu vill LHM helst koma að tveimur almennum ábendingum: Annars vegar um nauðsyn þess að horfa á allar tegundir lausna við hönnun fyrir hjólréiðar sem samgöngumáta um Ásbraut og hins vegar um tengsl við önnur verkefni á Kársnesi og Fossvogi.

Hönnun fyrir hjólréiðar sem samgöngumáta

Um Ásbraut er almennt ekki þung umferð bílstjóra, hvorki mikil né hröð, enda er Ásbraut húsagata með 30 km/klst. hámarkshraða og bílum er ekki lagt í götunni. Hjólarein og hjólavísar, sem málaðir voru á götuna 2014, hafa dugað mjög vel.

Því er til mikils að vinna að leggja ekki að óþörfu út í kostnaðarsamar og óafturkræfar framkvæmdir (eins og mjög aðgreinda stíga og götu), sem í raun og veru væru mjög kostnaðarsamir innviðir fyrir bílstjóra svo þeir þurfi ekki að taka tillit til hjólréiðafólks, ef bæta má innviði fyrir hjólréiðar og öryggi hjólréiðafólks með öðrum hætti um Ásbraut. LHM hefur

áður (bréf 7. júní 2022) bent á að það væri e.t.v. full mikið í lagt að leggja sérstakan hjólastíg um Ásbraut, þó þetta sé stofnleið hjólréiða, og vill gjarnan ítreka þá ábendingu nú.

Kanna ætti margvíslegar ódýrari og einfaldari hugmyndir, t.d. að bera saman við að vera áfram einungis með hjólréinar og hjólavísa um Ásbraut, skoða snið á hollenskum íbúðargötum þar sem þrengt er að bílum með hjólaréinum sitthvoru megin, eða svokallaðar „hjólagötur“ sem er konsept sem er til í [hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar](#) en er ekki enn í umferðarlögum eða reglugerð um umferðarmerki (en er samt notað í Elliðaárdal), sem er eitthvað sem þyrfti að bæta.

Varðandi hjólagötur vill LHM vísa í lið „Hjólagötur (mynd nr. 5)“ í

Opið bréf / áskorun til Samgöngustofu annars vegar og Vegagerðarinnar & annarra veghaldara hins vegar (einkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar) um betri merkingar fyrir bílstjóra um hjólréiðaumferð

<https://www.facebook.com/groups/gerumbeturabendingar/posts/1980798812391892/>


sem var sent Kópavogsbæ 8. september 2024. Í bréfinu var bent á að þessi hönnunarlausn gæti verið framtíðin fyrir Traðarland í Reykjavík og Ásbraut í Kópavogi, sem eru að mörgu leyti sambærilegar götur.

Í öllu falli væri áhugavert ef Reykjavíkurborg og Kópavogsbær stilltu saman strengi um samræmda hönnun fyrir götur eins og Traðarland og Ásbraut þannig að hjólandi og akandi sjái sömu hönnun á mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu og viti því fyrirfram hvernig beri að hegða sér og hvernig megi búast við því að aðrir hegði sér og bregðist við.

Twístefnu hjólastígur norðan megin: Ef niðurstaðan verður eftir sem áður að leggja hjólastíga eftir Ásbraut þá væri skynsamlegt að bera núverandi tillögu, um einstefnuhjólastíga sitthvoru megin um Ásbraut, Hábraut og Hamraborg, saman við möguleikann að hafa tvístefnu hjólastíg um þessar götur. Þessi stígur er hluti af lengri samgöngustíg, sem er hluti af rauðri stofnleið í stofnhjólaneti höfuðborgarsvæðisins milli miðbæjar Hafnarfjarðar og Borgartúns í Reykjavík. Þessi stofnleið er að öðru leyti tvístefnustígar. Þessi stutti kafli í Ásbraut mun því skera sig út að þessu leyti. LHM mælir með því að heildarstígakerfið, milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sé með samræmdri hönnun. Twístefnu hjólastígur ætti að vera norðan megin Ásbrautar, en gæti verið austan eða vestan megin Hábrautar, og með sama hætti norðan eða sunnan megin Hamraborgar.

Kosturinn með **twístefnu hjólastíg** væri að hann **myndi þvera mun færri innkeyrslur í Ásbraut** og það myndi aðeins þurfa tvær þveranir yfir götur; en einstefnustígarnir myndu þvera götur á 4 stöðum og einstefnustígurinn myndi þvera götur og innkeyrslur á 9 stöðum á niðurleið niður Ásbraut, sem er varhugavert. Hann myndi svo ýmist liggja fram hjá innkeyrslunni að Safnaðarheimilinu eða að Molanum eftir því hvort hann myndi liggja austan eða vestan Hábrautar. Viðkvæmasti staðurinn væri sennilega fram hjá innkeyrslunni í Molann og gæti því verið betra að vera vestan megin Hábrautar. Twístefnustígur yrði að vera breiðari en 2,5 m meðfram Ásbraut vegna hraðamismunar upp og niður.

Hjólastígur milli húsa við Ásbraut og afreinar frá Hafnarfjarðarvegi: Önnur lega fyrir stíg sem vert væri að skoða, nú þegar brú yfir Kársnesbraut er fyrirhuguð, er stígur milli húsanna í Ásbraut og afreinar af Hafnarfjarðarvegi frá götunni Hamraborg austan við bílastæðahúsið við Molann og niður að nýrri hjólabrú yfir Kársnesbraut (1. mynd). Plássið virðist vera nægjanlegt fyrir stíg á þessari leið og þar væri aðeins ein þverun yfir götu og framhjá innkeyrslu í Molann.



1. mynd. Hugmynd um nýja legu hjólastígs milli húsa við Ásbraut og afreinar frá Hafnarfjarðarvegi.

Tengingar við aðra stíga í nágrenni: Huga þarf vel að hönnun tengingar neðst í götunni við Kársnesbraut því sú tenging verður óhjákvæmilega nokkuð brött en alls ekki er gefið að betra sé að setja hlykki á stíginn. Slík lausn gæti í staðinn búið til fleiri og alvarlegri vandamál, fall í sönduðum/hálum beygjum eða vesen með vetrarþjónustu, og hækkunin er að mörgu leyti leyst með aukinni notkun rafmagnsreiðhjóla.

Huga þarf að tengingu stíganna frá götunni Hamraborg í suður framhjá safnasvæðinu þótt það sé ekki hluti af þessu deiliskipulagi. Það fyrirkomulag sem er þar núna er óheppilegt, bratti mikill og hætta á samstuði við bílstjóra við litla hringtorgið og við gangandi fólk á safna- og leiksvæðinu.

Annað: Að öðru leyti gerir LHM ráð fyrir því að í hvívetna verði höfð hliðsjón af

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

(19.12.2019 eða nýrri útgáfu) og óskar eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna og senda inn athugasemdir ef við á, t.d. við deiliskipulag og verkhönnun.

Tengsl við önnur verkefni:

Í skipulagslýsingu fyrir Ásbraut var tíunduð tengsl við önnur verkefni, sjá bls. 9 í lýsingunni, á þessari rauðu lykilleið hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu (svokallaðar stofnleiðir hjólréiða sem eru litakóðaðar). En sbr. kort á bls. 5 að þá eru fleiri mikilvægar tengingar og vill LHM helst nefna bláa stofnleið um suðurströnd Kársness og að Öldu, nýrri brú yfir Fossvog, sem svo tengist við hjólastíginn Sólarleið í Reykjavík (sem aftur tengist austan megin við hjólastíginn Bæjarleið og vestan megin við Þorragötu, Suðurgötu og Ægisíðu).

Hjóllaleiðir þurfa að vera eindregnar, beinar, greiðar og öruggar og án (óþarfa) hæðarbreytinga eins og frekast er kostur. Þessir stígar upp á Hamraborgina; hjólastígar um Kópavogsháls (mál [583](#)) og um Ásbraut (þetta mál hér [930](#)); eru góð viðbót og munu t.d. gagnast vel hjólréiðafólki á **rafmagnsreiðhjólum** sem á leið til vinnu í Borgartúni, á Suðurlandsbraut eða austar, svo dæmi sé tekið, en henta síður hjólréiðafólki á **venjulegum** reiðhjólum sem eru á leið í Miðbæinn, Vatnsmýrina eða vestur í bæ.

Því vill LHM minna á nauðsyn þess að halda áfram með hjólastíg um sunnanvert Kársnes sem mun í framtíðinni tengjast brúnni Öldu yfir Fossvoginn. Sá hjólastígur þarf að þræða ströndina **án hæðarbreytinga** og fara þaðan yfir Fossvoginn á Öldu. Þessar hugmyndir hér í máli 930 um innviði fyrir hjólréiðar um Ásbraut, þótt góð viðbót sé, koma ekki í stað góðs hjólastígs meðfram suðurströnd Kársness.

Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að hjólastígur meðfram suðurströnd Kársness hvetji til hjólréiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga og við Öldu.

Annað:

Gróður og skjólmyndun: Leggja þarf áherslu á gróður til skjólmyndunar. Við stíga ætti að gera ráð fyrir gróðri og trjám sem draga úr vindi og skapa skjól án þess að hindra stígsýn við gatna- og stígamót.

Merking leiða: Gera þarf ráð fyrir merkingu göngu- og hjólastíga með leiðarmerkjum og gerum við ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim í verkhönnun.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólréiðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson

formaður

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Hjólaleiðin yfir Kópavogshálsinn um Hamraborg er gríðarlega mikilvæg tenging milli Kópavogs og Reykjavíkur. Tel að hjólastígnum væri best fyrir komið suðaustan við blokkirnar við Ásbraut þeas á milli blokkanna og Hafnarfjarðarvegar og tengjast þaðan brú yfir Kársnesbraut. Ef það á að vera hjólastígur á sjálfri Ásbraut væri eðlilegra að hafa tvöfaldan stíg norðan megin við götuna, bæði einfaldara og öruggara. Hvað varðar hluta stígsins sem fer um Hamraborg væri honum best fyrir komið í stökk undir Hamraborg en það væri mikil samgöngubót, í öllu falli mikilvægt að beina hraðhjólaumferð frá opna svæðinu við menningarhúsun þar sem börn eru að leik og ýmsar samkomur þar sem trufla hjólandi á hraðferð auk þess að skapa hættu.

Höfundur: Berglind Aðalsteinsdóttir/Berglind.ba@gmail.com

Sent inn þann: 14.05.2025, **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0930/2024, Ásbraut (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Ég er hlynntur skipulagstillögunni og ánægður með að til standi að laga götuna.

Ég er ósammála þeim athugasemdum sem segja að öruggara sé að hafa hjólastíginn tvöfaldan norðan megin. Á slíkum stíg myndu mætast annars vegar hægfara hjólarar á leið upp á gönguhraða sem vagga oft til við að stíga á pedalanna á móti hraðskreiðu hjólafólki á leið niður, sem yrði jafnframt á móti bílaumferðinni. Það tel ég geta skapað umtalsvert meiri hættu en að hjólafólk fylgi aksturstefnu bifreiða eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Jafnframt er ég ánægður með að gert sé ráð fyrir mjórri gangbraut sunnan megin upp á að trylla barninu mínu í kerru frá lóðinni og í átt að bókasafninu. Ég tel einnig að þessi gangbraut muni gera það auðveldara að sjá hjólreiðafólk á leið niður brekkuna, en samkvæmt minni reynslu eru það fyrst og fremst lagðir bílar sem byrgja sýn þegar ég keyri út úr minni innkeyrslu.

Sammála athugasemdum um að það megi bæta mikið við Hábraut og við menningarhúsin.

Legg til að óháður þriðji aðili verði fenginn til gera umferðaröryggismat á tillögunni til að auka líkur á sátt um málið.

Davíð Guðbergsson, Ásbraut 21

Höfundur: Davíð Guðbergsson/davidgudbergsson@pm.me

Sent inn þann: 14.05.2025, **Fyrir hönd:**